



Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkur

ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 6. september 2021

Efni: Umsögn varðandi erindi Víkings um annan íþróttafulltrúa.

Ljóst er að staða Víkings verður flóknari við það að þjónusta Safamýri/Háaleiti. Mun meiri tími mun fara í umsýslu og samræmingu þegar aðstaðan verður komin á tvo ólíka staði þar sem nokkuð langt er á milli staða, þ.e. knattspyrna í Víkinni og handbolti í Safamýrinni. Með stækkun hverfis Víkings og þar af leiðandi fjölgun iðkenda, má færa rök fyrir að þörf sé á fleiri stöðugildum til að sinna starfsemi félagsins í stærra hverfi.

Í dag er starfandi vinnuhópur um endurskoðun á styrkjakerfi til íþróttamála í Reykjavík. Hópurinn er m.a. að skoða styrkveitingar til reksturs og faglegra málefna. Að mati vinnuhóps er ljóst að kröfur samfélagsins hafa verið að aukast til muna og við því þurfi að bregðast með því að fjölga stöðugildum í starfinu. Rætt hefur verið um mikilvægi þess að félögin geti uppfyllt þau skilyrði sem gerð eru til þeirra í þjónstusamningi við borgina. Hugmynd að lausn fyrir því er félögin gætu ráðið gæðafulltrúa sem myndi m.a. sinna jafnréttis- og siðamálum, sinna verkefnum í sambandi við börn af erlendum uppruna og fleira. Hugsunin er að stærð félaga ráði því hve stöðugildi sé mikið. Þetta myndi svara ákalli félaga sem fram hafa komið að undanförnu um aukin stöðugildi vegna mjög aukins álags.

Það er mat framkvæmdastjórnar ÍBR að auka þurfi stöðugildi til starfs félaganna og ein leið gæti verið að grípa hugmyndir vinnuhópsins á lofti og komi þannig til móts við óskir Víkings og annarra félaga.

Með kveðju,

F.h. stjórnar ÍBR

Frímann Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri